

Gjaldskrá fyrir stofngjald fráveitu Húnabyggðar



1. gr.

Húnabyggð innheimtir stofngjald fyrir fráveitu í sveitarfélaginu skv. lögum um hollustuhætti og mengungarvarnir nr. 7/1998 og sbr. III. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Húnabyggð nr. 228/2007 og heimæðargjald vatnsveitu skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2007.

2. gr.

Stofngjald fráveitu fyrir hverja heimtaug í sérbýlishúsalóð er 326.240kr. Fyrir aðrar lóðir greiðast 391.490kr. miðað við stærð heimtaugar allt að 150mm. Stærri heimtaugar eru reiknaðar út hjá Húnabyggð. Bráðabirða tengigjald t.d vinnubúðir/gámaeiningar og þess háttar er reiknað samkvæmt útlögðum kostnaði.

Um rotþrær fer samkvæmt ákvæðum gjaldskrár fasteignagjalda Húnabyggðar. Húnabyggð leggur til rotþró og það sem henni tilheyrir, en eigandi sér um og rekur tengingu milli húss og rotþróar.

3. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um rekstur fráveitna, vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengungarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Húnabyggð og samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir stofngjöld, tengigjöld og heimæðargjöld í Húnabyggð. Gjaldskráin var staðfest á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar 15. desember 2025.

Húnabyggð, 15. desember 2025.


Pétur Arason sveitarstjóri